

Föstudaginn 6. júlí 1979.

Nr. 5/1978. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
f.h. Starfsmannafélags ríkisstofnana
vegna Guðnýjar Jónsdóttur**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Opinber starfsmaður. Starfsaldur.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með stefnu útgefinni 4. desember 1978.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fyrir hönd Starfsmannafélags ríkisstofnana vegna Guðnýjar Jónsdóttur, Njarðargötu 39, hér í borg, starfsmanns Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði að Keldum við Vesturlandsveg.

Stefndi er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að starfstími Guðnýjar Jónsdóttur hjá öðrum en hinu opinbera skuli jafngilda 6 ára starfsaldri.
2. Að stefndi greiði stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að Guðný Jónsdóttir hafi ráðist til starfa hjá Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum 1. október 1977 og hafi verið gerður við hana skriflegur ráðningarsamningur. Í samningnum sé tekið fram, að starfstími Guðnýjar við fyrri hliðstæð störf tímabilið 1939—1977 skuli jafngilda 20 ára starfsaldri. Hafi tilraunastöðin gengið frá samningnum í september 1977, þ.e. áður en núgildandi kjarasamningur stefnanda og stefnda tók gildi. Menntamálaráðuneytið hafi afgreitt ráðningarsamninginn 31. október 1977 á grundvelli gr. 1.1.11 í aðalkjarasamningi stefnanda og stefnda frá 25. október 1977. Samkvæmt þeirri sammingsgrein sé við ákvörðun starfsaldurs heimilt að taka

til greina starfstíma hjá öðrum en hinu opinbera á þann hátt, að við starfsaldur sé bætt helmingi starfstíma við algerlega hliðstæð störf, en þó geti slíkur starfsaldur ekki orðið meiri en 6 ár. Til þess að samningurinn öðlaðist gildi hafi þurft staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Þar hafi fyrri störf Guðnýjar hins vegar verið að engu höfð og henni reiknaður starfsaldur frá 1. október 1977. Þar sem fjármálaráðuneytið hafi ekki fengist til að endurskoða afstöðu sína til þessa atriðis eigi Guðný rétt á að leggja ágreiningsefni þetta fyrir Félagsdóm, sbr. ákvæði 34. gr. laga nr. 29/1976.

Krafa stefnanda er byggð á því, að með ákvæði gr. 1.1.11 í aðalkjarasamningi stefnanda og stefnda frá 25. október 1977 hafi verið samið um, að við ákvörðun starfsaldurs væri heimilt að taka til greina starfstíma hjá fyrri vinnuveitendum. Hafi verið samið um þá leiðbeiningarreglu, að störfin væru algjörlega hliðstæð. Ekki sé ágreiningur um það, að fyrri störf Guðnýjar á árabílinu 1939—1977 séu algjörlega sambærileg starfi því, sem hún var ráðin til hjá Tilraunastöð háskólans að Keldum, enda hafi ekki heyrst neitt frá stefnda um það. Með áritunum sínum á ráðningarsamninginn hafi og forstöðumaður tilraunastöðvarinnar og ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins ákveðið, að fullt tillit skyldi tekið til þessara fyrri starfa Guðnýjar við ákvörðun starfsaldurs hennar. Það sé því andstætt tilganginum með ákvæði gr. 1.1.11 í aðalkjarasamningnum, ósanngjarnt og ranglátt, fái Guðný þessi fyrri störf sín ekki metin til starfsaldurs, svo sem krafist sé. Sé ljóst, að tilraunastöðin hafi fengið æfðan starfsmann, sem vegna langrar starfsreynslu hljóti að vera fremri þeim, sem enga starfsreynslu hafi og því sé sjálfsagt að meta það til nokkurs með viðurkenningu á starfsaldri. Ef skilningur stefnda á beitingu ákvæðis gr. 1.1.11 í aðalkjarasamningnum sé réttur, sé ákvæðið þýðingarlaust, því það skapi engan rétt fyrir félagsmenn stefnanda, heldur sé beiting þess komin undir geðþótta stefnda.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að ákvæði gr. 1.1.11 í aðalkjarasamningi aðilanna frá 25. október 1977 sé aðeins heimildarákvæði, sem báðir aðilar verði að vera sammála um að nýta. Í kröfugerð stefnanda, sem hafi verið undanfari aðalkjarasamnings þess, sem gerður var 25. október 1977, hafi verið krafa þess efnis að sambærileg og skyld störf, sem starfsmaður hafi unnið hjá öðrum en hinu opinbera, skyldu metin að fullu til starfsaldurs við

ráðningu hans til starfs hjá ríkisstofnun. Við samningsgerðina hafi hins vegar verið samið um allt annað, þ.e. í ákvæði gr. 1.1.11 í aðalkjarasamningnum sé aðeins heimild til að taka slíkan starfstíma til greina og þá aðeins að mjög takmörkuðu leyti. Í þessu sambandi beri að líta til þess, að í gr. 1.1.10 í aðalkjarasamningnum sé fjallað um það, hvornig starfsaldur skuli reiknaður. Sé meginreglan sú, að starfsaldur skuli teljast sá tími, sem starfsmaður hefur unnið hjá ríkinu og tekið laun eftir launakerfi þess. Að vissum skilyrðum fullnægðum skuli einnig telja til starfsaldurs tíma, sem unninn hefur verið hjá sveitarfélögum og tilteknum stofnunum, svo og tíma, sem unninn hefur verið hjá ríkinu þó laun hafi ekki verið greidd samkvæmt launakerfi þess. Í næstu samningsgrein komi svo ákvæði það, sem krafa stefnanda sé byggð á. Frá sjónarhóli stefnda geti að því leyti verið heppilegt að hafa heimildarákvæði eins og það, sem felst í gr. 1.1.11, að það auðveldi ríkinu að fá hæfan starfskraft eða halda starfsfólki, sem áður hafi ráðist til starfs, ef þær aðstæður skapist að þörf sé slíkrar heimildar. Fljótlega eftir gerð aðalkjarasamningsins 25. október 1977 hafi hins vegar komið í ljós, að slík þörf var ekki fyrir hendi, a.m.k. ekki að svo stöddu. Því hafi fjármálaráðuneytið og samninganefnd ríkisins tekið þá ákvörðun, að þessi heimild skyldi ekki nýtt og hafi öllum ríkisstofnunum verið tilkynnt sú ákvörðun með dreifibréfi, dags. 24. nóvember 1977. Ástæða til þessarar ákvörðunar hafi verið sú, að með gerð aðalkjarasamningsins hafi stefnandi náð fram svo hagkvæmum samningum fyrir félagsmenn sína, að láglau nastörf hjá ríkinu hafi verið mikið betur launuð en sambærileg störf á almennum vinnumarkaði. Því sé ekki skortur á hæfu starfsfólki í þær stöður, sem félagsmenn stefnanda gegna hjá ríkinu. Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið, er því haldið fram af hálfu stefnda, að ráðningasamningur Guðnýjar Jónsdóttur hafi verið marklaus eins og hann var útbúinn af viðkomandi ríkisstofnun, þar sem enginn grundvöllur hafi verið fyrir því í þágildandi aðalkjarasamningi að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera. Tuttuga ára starfsaldursákvörðun hafi því algjörlega verið óskýranleg og úr lausu lofti gripin. Um það séu allir aðilar einnig sammála, enda miði stefnandi kröfugerð sína ekki við 20 ár. Er samningurinn hafi verið sendur menntamálaráðuneytinu hafi þessu verið breytt í 6 ár og hafi ráðuneytið samþykkt samninginn fyrir sitt leyti þannig breyttan.

Hafi þetta gerst fáeinum dögum eftir að aðalkjarasamningur stefnanda og stefnda var undirritaður. Hafi þá ekki legið ljóst fyrir hvort stefndi féllist á að beita heimildarákvæði gr. 1.1.11. Menntamálaráðuneytið hafi álitnið að heimildarákvæði yrði nýtt og því breytt greindu atriði í ráðningarsamningi Guðnýjar, því ella hefði það strikað út þessa heimildarlausu starfsaldursákvörðun. Er svo fjármálaráðuneytið staðfesti samninginn hafi sú breyting verið gerð á efni hans, að starfsaldur skyldi miðast við þann tíma, er Guðný hóf starf sem ríkisstarfsmaður. Hafi þá legið fyrir greind ákvörðun fjármálaráðuneytisins um að beita ekki heimildarákvæði gr. 1.1.11 og hafi hún skömmu síðar verið tilkynnt einstökum stofnunum. Með staðfestingu fjármálaráðuneytisins hafi ráðningarsamningurinn svo öðlast gildi með áorðnum breytingum. Af hálfu stefnda kemur og fram að með fyrri aðalkjarasamningi hafi verið gerð sú grundvallarbreyting, að framvegis skyldi starfsmaður fá efsta þrep í launaflokki hafi hann náð 32 ára aldri, án tillits til þess, hver starfstími hans er. Þetta ákvæði hafi því komið Guðnýju Jónsdóttur að notum og með því hafi hún fengið umbun fyrir þá starfsreynslu, sem nýtist í starfi hennar hjá Tilraunastöð háskólans í meinafræði.

Álit dómsins:

Svo sem fram er komið undirritaði Guðný Jónsdóttir hinn 31. september 1977 ráðningarsamning, þar sem hún réð sig til starfa sem skrifstofumaður við Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum, en daginn áður hafði forstöðumaður stofnunarinnar, Guðmundur Pétursson, undirritað samninginn. Samkvæmt samningnum skyldi Guðný hefja starf sitt 1. október 1977. Í upphaflegri gerð samningsins var starfsaldur í sambandi við ákvörðun launa og orlofs skráður 20 ár. Undir liðnum „upplýsingar um fyrri störf hjá ríki eða sveitarfélagi“ er skráð að á tímabilinu 1939—1977 hafi Guðný starfað við afgreiðslustörf hjá ýmsum einkaaðilum, m.a. Nýju sendibílastöðinni, Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, Kristjáni Siggeirssyni h/f o.fl. Samningurinn var áritaður í menntamálaráðuneytinu 31. október 1977 og starfsaldri Guðnýjar breytt í 6 ár. Síðan var hann áritaður í fjármálaráðuneytinu og þá skráð endanlega að starfsaldur miðaðist við 1. október 1977. Samkvæmt beinu ákvæði ráðningarsamningsins öðlaðist hann ekki gildi fyrr en hann hlaut staðfestingu fjármálaráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 97/1974. Svo sem fram er komið gerðu stefnandi og stefndi

með sér nýjan aðalkjarasamning 25. október 1977, og skyldi hann gilda frá 1. júlí 1977. Í aðalkjarasamningi þeim, sem gilt hafði fram að því, var svofellt ákvæði í 4. mgr. 5. gr. um starfsaldur.

„Starfsaldur skv. þessari grein telst sá tími, sem starfsmaður hefur unnið hjá ríkinu og tekið laun skv. launakerfi þess. Sé um starf í sömu starfsgrein að ræða, skal einnig telja til starfsaldurs tíma, sem unninn hefur verið hjá ríkinu, þó laun hafi ekki verið samkvæmt launakerfi þess, svo og hjá sveitarfélögum og stofnunum, sem styrktar eru af almannafé (t.d. heilbrigðis- og menntastofnanir).“

Í aðalkjarasamningi þeim, sem undirritaður var 25. október 1977 eru svofelld ákvæði um starfsaldur í liðum 1.1.10, 1.1.11 og 1.1.12:

„1.1.10 Starfsaldur skv. þessari grein telst sá tími, sem starfsmaður hefur unnið hjá ríkinu og tekið laun skv. launakerfi þess. Sé um starf í sömu starfsgrein að ræða, skal einnig telja til starfsaldurs tíma, sem unninn hefur verið hjá ríkinu, þó laun hafi ekki verið samkvæmt launakerfi þess, svo og hjá sveitarfélögum og stofnunum, sem styrktar eru af almannafé (t.d. heilbrigðis- og menntastofnanir.)

1.1.11 Við ákvörðun starfsaldurs er heimilt að taka til greina starfstíma hjá öðrum vinnuveitendum en því opinbera á þann hátt að við starfsaldur sé bætt helmingi starfstíma við algerlega hliðstæð störf. Slíkur starfsaldur getur þó mest orðið 6 ár.

1.1.12 Með starfsaldri skv. þessari grein er átt við samfelldan starfstíma í a.m.k. hálfu starfi í þrjá mánuði eða lengur.“

Fram er komið, að við undirbúning aðalkjarasamnings 1977 hafi sú krafa komið fram frá stefnanda, að skylt yrði að meta sambærileg og skyld störf, sem unnin væru hjá öðrum en ríki, sveitarfélögum og stofnunum sem styrktar eru af almannafé, til starfsaldurs að fullu. Við endanlega gerð aðalkjarasamningsins var svo tekið upp ákvæðið í gr. 1.1.11, sem að framan er rakið. Samkvæmt orðanna hljóðan er hér um að ræða heimildarákvæði. Stefndi hefur hafnað að beita ákvæði þessu á þeim grundvelli, sem áður er rakinn. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að stefnandi eigi ekki samningsbundna kröfu til starfstíma sóknaraðilja, Guðnýjar Jónsdóttur, hjá fyrri vinnuveitendum verði tekinn til greina við ákvörðun starfsaldurs hennar hjá Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum.

Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Arnljótur Björns-son, Þorsteinn Thorarensen, Örlygur Geirsson og Guðmundur Vignir Jósefsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags ríkisstofnana vegna Guðnýjar Jónsdóttur. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 10. júlí 1979.

Nr. 3/1979. **Vinnuveitendasamband Íslands
vegna H/f Eimskipafélags Íslands,
Hafskips h/f, Jökla h/f og Nesskips h/f**
(Barði Friðriksson hrl.)
gegn

**Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna
Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands,
Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loft-
skeytamanna og Félags bryta**
(Arnmundur Backman hdl.)

Frávísun. Yfirvinnubann. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. þ.m., er höfðað með stefnu útgefinni 25. f.m.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands vegna H/f Eimskipafélags Íslands, Hafskips h/f, Jökla h/f og Nesskips h/f. Stefndi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skip-